

**Nefndasvið skrifstofu Alþingis**  
**Austurstræti 8 – 10**  
**150 Reykjavík.**

**Reykjavík 24. október 2012**

**Efni: Umsögn Isavia um frumvarp til nýrra umferðarlaga. Frumvarpið er lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012 – 2013, þskj. 180 – 179 mál.**

Frumvarp til nýrra umferðarlaga hefur verið lagt fyrir Alþingi og er nú í umsagnarferli. Hér meðfylgjandi eru athugasemdir Isavia ohf. við frumvarpið.

Virðingarfyllst  
F.h. Björns Óla Haukssonar  
forstjóra Isavia ohf.



Ingunn Ólafsdóttir  
skrifstofustjóri yfirstjórnar Isavia ohf., Reykjavík.

**Umsögn Isavia um frumvarp til umferðarlaga. Frumvarpið er lagt fyrir Alþingi á 141. löggjafarþingi 2012 – 2013, þskj. 180 – 179 mál.**

Í 2. mgr. 70. greinar frumvarpsins er gert ráð fyrir því að ráðherra setji reglugerð um undanþágu frá skráningu ökutækja sem ætluð eru til aksturs á afmörkuðum, skilgreindum svæðum og undanþágu frá skráningu ökutækja sem ætluð eru til aksturs utan almennrar umferðar, en þess ber að geta að stór hluti bifreiða og tækja Isavia eru nær eingöngu notuð inni á lokuðum haftasvæðum flugvallar. Þessi tæki eru því ekkert notuð á almennum vegum og eru ætluð til aksturs utan almennrar umferðar.

Isavia telur að ákvæði 2. mgr. 70. gr. frumvarpsins sé ekki nægilega skýrt varðandi skráningu ökutækja félagsins. Almennt felur undanþága frá skráningu það í sér að ökutækin eru ekki tryggð né skoðunarskyld, sem og undanskyld frá greiðslu bifreiðargjalda og vörugjalda. Isavia telur að þarna vanti einskonar millistig, en félagið telur brýnt að unnt verði að skrá ökutæki félagsins sem slík og gera þau skoðunarskyld og að gerð verði krafa um ábyrgðartryggingu. Þannig yrðu umrædd ökutæki skráð í ökutækjaskrá Umferðarstofu í sérstakan notkunarflokk. Hins vegar telur Isavia óeðlilegt að greidd séu vörugjöld og bifreiðargjöld af ökutækjum sem ekki eru í almennri notkun.

Í ljósi ofangreind leggur Isavia til þá breytingu á greininni að gert verði ráð fyrir skráningu ökutækja í sérstakan notkunarflokk, þar sem gert er ráð fyrir töku ábyrgðartryggingar og skoðunarskyldu viðkomandi ökutækja, en að sama skapi fæli í sér undanþágu frá greiðslu vörugjalda og bifreiðargjalda.

Að öðru leiti gerir Isavia ekki athugasemdir við frumvarpið.